

sem er rétt fyrir ofan þar sem hann tekur stefnu til sjávar og hljóti því jarðfall þetta að vera það, sem kallað er Hringurinn.

Virðist því bera að ákveða, að landamerki milli Borgar og Þursstaða, á hinu umþrætta svæði, skuli vera þessi:

Úr kelduklofunum við Háflæk í merkjavörðuna í flóanum fyrir vestan Bárðarás og þaðan bein stefna í jarðfallið (Hringinn), sem er rétt fyrir ofan þar sem Kortólfs-lækur beygir til sjávar og lækurinn kemur úr.

Kostnaður við að gera uppdráttinn af hinu umþrætta landi hefir orðið 59 kr. og ferðakostnaður og dagpeningar meðdómenda 60 kr., eða málskostnaður samtals við þessi réttarhöld 119 kr., er stefnanda ber að greiða.

Miðvikudaginn 4. des. 1935.

Nr. 96/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Frederic Chatten (Lárus Fjeldsted).

Landhelgisbrot.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 1 ág. 1935: Kærður, Frederic Chatten, greiði 20500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir í b/v Fifinella G. Y. 1038, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir formaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað stað baujunnar, er sett var niður, þar sem togarinn „Fifin-

ella“, G.Y. 1038 var tekinn þann 30. júní þ. á., og hefir hann komizt að þeirri niðurstöðu, að togarinn hafi þá verið 0,35 sjómílur innan við landhelgislinuna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo að sektin verði, með tilliti til dags gengis íslenzkrar krónu, sem nú er 49.28, 20300 krónur, og afplánist hún með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að sektin verði 23000 krónur, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, Frederic Chatten, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Frederic Chatten skipstjóra á b/v. Fifinella G. Y. 1038 frá

Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. júlí s. l. kl. 2,28 e. h. var varðbáturinn Ingimundur gamli staddur út af Seley. Sást þá togari fram undan, er virtist grunsamlega nærri landi, og hélt varðbáturinn fulla ferð að honum. Kl. 2,38 eða eftir 10 mínútur var varðbáturinn kominn að hlið togarans og var honum skipað að stöðvast og gerði hann það undir eins. Var þetta togarinn Fifinella G. Y. 1038, sem kærður skipstjóri, F. Chatten, er skipstjóri á og var hann að toga með stjórnborðsvörpuna úti. Sökum þoku var þá ekki hægt að gera staðarákvarðanir og setti því varðbáturinn út bauju á staðnum. Dýpi var mælt 90 metrar og síðan mældi varðbáturinn með vegmæli fjarlægðina frá Hólmi að baujunni og gaf það 2,8 sjómílur eða stað togarans 0,2 sjómílur innan landhelgi er hann var stöðvaður. Var svo beðið hjá baujunni unz þokunni létti og kl. 3.50 árdegis var orðið svo bjart að yfirmenn varðbátsins gátu gert eftirfarandi staðarákvarðanir:

Halaklettur

> 35° 21'

Snæfugl

> 69° 10'

Norðfjarðarhorn

og gaf það stað baujunnar 0,3 sjómílur innan landhelgislinunnar.

Ennfremur tók skipstjóri varðbátsins miðið Halaklettur laus rétt vestur úr Setuskeri, sem kemur heim við stað togarans samkv. hornmælingunum. Togarinn var síðan tekinn og farið með hann til Neskaupstaðar og komið þangað kl. 7,30 árdegis.

Kærður skipstjóri heldur því fram, að togarinn hafi verið utan við landhelgi, er varðbáturinn kom á vettvang, og byggir hann það á þremur miðum, er hann gaf upp í réttinum. En er skipstjóri varðbátsins í viðurvist kærða, sem viðurkenndi að rétt væri tekið upp setti þessar miðanir út á nákvæmt sjókort, er varðbáturinn átti, og var til staðar í réttinum, kom í ljós að miðanir þessar gáfu tvo mismunandi staði, annan nokkuð fyrir innan landhelgislinuna og hinn nokkuð fyrir utan. Þessar miðanir

fá því eigi staðist og geta á engan hátt hnekkst nákvæmum hornmælingum yfirmanna varðbátsins.

Þá hefir kærður og haldið því fram, að skygni hafi eigi verið svo gott er hornmælingarnar voru gerðar, að hægt hafi verið að sjá nægilega vel staði þá er mælt var frá. Þessu hafa skipstjóri og stýrimaður varðbátsins eindregið mótmælt. Og þar sem ekkert það hefir framkomið í málinu er hnekki eiðfestri skýrslu og mælingum yfirmanna varðbátsins, verður að teljast fullsannað, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi er varðbáturinn kom að honum.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni. Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5, frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og þykir refsing sú er hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. gr. nefndra laga sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 20500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, með tilliti til gengi íslenzkrar krónu, sem nú er þannig að hún jafngildir 49.13 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v. Fifinella G. Y. 1038 séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. dez. 1935.

Nr. 105/1935. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Sigurjóni Guðjónssyni

(Pétur Magnússon).

Sýknun af kæru fyrir brot á lögum nr. 1 frá 1935.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. ágúst 1935: Kærður, Sigurjón Guðjónsson, sæti 100 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur.